

Úrgangsmál og endurvinnsla



Grímsnes- og Grafningshreppur



Bláskógabyggð



UMHVERFIS
SUÐURLAND

Hvað græði ég á að flokka?

Grímsnes- og Grafningsshreppur og Bláskógabyggð munu senn hefja hirðu á lífrænum úrgangi frá heimilum og stofnunum. Samhliða því verður öllum gert skylt að flokka lífrænan úrgang frá öðrum úrgangi sem til fellur. Þetta á jafnt við um fasteignaeigendur og fyrirtæki. Lífræn flokkun hefur ýmskonar ávinning í för með sér, efnahagslegan og umhverfislegan. Kostnaður við meðhöndlun á lífrænum úrgangi er almennt lægri en kostnaður við urðun úrgangs eða brennslu. Vinnsla á lífrænum úrgangi dregur einnig úr mengun og óæskilegum loftslagsáhrifum. Gámapjónustan hf, sem annast sorphirðu í sveitarfélögunum tveimur, mun taka við lífræna úrganginum og breyta honum í moltu sem nýtist sem jarðvegsbætir.

Innleiðing á svokölluðu hringrásarhagkerfi felur í sér að við breytum sjónarmiði okkar gagnvart úrgangi. Hingað til höfum við nálgast úrgang að miklu leyti sem einskis nýta vöru og losað okkur við hana með urðun eða brennslu. Þessu þarf að breyta. Í raun samanstendur þessi úrgangur af verðmætum efniviði sem verður dýrmætari eftir því sem við verðum fleiri á þessari jörð og neysla okkar eykst. Við búum í heimi þar sem auðlindir eru takmarkaðar og heimurinn er kominn að ákveðnum tímapunkti,

þar sem möguleikar okkar á að búa til nýjan efnivið fara minnkandi.

Það erfiðasta við flokkunina er að byrja. Hvert heimili hefur sinn hátt á hvernig það safnar saman úrganginum og kemur honum í þann farveg sem er í boði við heimilin – pappír, plast og núna lífrænt. Sveitarfélögin munu bjóða íbúum, þeim að kostnaðarlausu, lítið ílát til að hafa í eldhúsi fyrir lífrænan úrgang. Gleri og málmum skal skila á gámasvæði sveitarfélaganna. Í almennu tunnuna ætti helst ekkert að fara. Það getur reynst mörgum erfitt að koma aukinni flokkun inn í daglega eða vikulega skipulagið sitt, en hagsmunirnir eru okkar allra. Eftir því sem við flokkum betur þá getum við haft áhrif á kostnaðinn við málaflokkinn sem fasteignaeigendur og fyrirtæki greiða á endanum fyrir. Því eru það sameiginlegir hagsmunir okkar allra að hafa kostnað við þennan málaflokk sem lægstan. Þannig græða allir á góðri flokkun.

Fyrir hönd Grímsnes- og Grafningsshrepps og Bláskógabyggðar,
Elísabet Björney Lárusdóttir
Umhverfisráðgjafi



Brúntunna

NÝTT!

Lífrænn úrgangur - *Organic waste*

Sótt á 3ja vikna fresti

Leiðbeiningar um flokkun á lífrænum úrgangi

Allur lífrænn úrgangur fer í tunnuna með brúna lokinu, úrgangurinn fer svo í jarðgerð og verður loks að moldu. Gott er að safna efninu í sérstaka poka úr pappír eða maíspoka sem jarðgerast með efninu. Venjulega plastpoka má alls ekki nota.

Athugið að binda vel fyrir pokana áður en þeir eru settir í sófnunartunnuna.




PUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú getur borðað það en vilt það ekki þá fer það í brúntunna.



Hvað má fara í tunnuna? *What can go into the bin?*

Ávextir og ávaxtahýði	<i>Fruits and peel</i>
Grænmeti og grænmetishýði	<i>Vegetables and peel</i>
Egg og eggjaskurn	<i>Eggs and eggshells</i>
Eldaðir kjöt- og fiskafgangar	<i>Cooked meat and fish leftovers</i>
Mjöl	<i>Grain</i>
Hrísgrjón og pasta	<i>Rice and pasta</i>
Brauð og kökur	<i>Bread and cookies</i>
Kaffikorgur, kaffipokar og tepokar	<i>Coffee grounds and bags and tea bags</i>
Notuð eldhúsbref	<i>Used kitchen rolls</i>
Afskorin blóm og plöntur	<i>Cut flowers and plants</i>

Súpur, sósur og soð má ekki setja með lífrænum úrgangi, því er skolað niður um vaskinn.



Hvað má fara í tunnuna? *What can go into the bin?*

Litaðar servíettur	<i>Stained napkins</i>
Límmiðar	<i>Stickers</i>
Einnota hanskar	<i>Disposable gloves</i>
Gúmmihanskar	<i>Rubber gloves</i>
Pennar	<i>Pens</i>
Kveikjarar	<i>Lighters</i>
Tyggjó	<i>Chewing gum</i>
Geisladiskar	<i>Compact discs</i>
Bleyjur	<i>Diapers</i>

Grátunna

Blandaður úrgangur - *Mixed waste*

Sótt á 3ja vikna fresti

Leiðbeiningar um flokkun á blönduðum úrgangi

Ef flokkun gengur almennt vel þá ætti mjög lítil úrgangur að fara í grátunna. Dæmi um þennan úrgang er t.d. bleyjur, úrgangur frá gæludýrahaldi, umbúðir úr blönduðu hráefni sem ekki er hægt að skilja í sundur og úrgangur sem ekki er hægt að hreinsa.

Blandaður, óflokkaður úrgangur er urðaður og með því að minnka hann er neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum úrgangsins haldið í lágmarki.



PUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú finnur engan annan stað fyrir úrganginn þá á hann að öllum líkindum heima í grátunnunni.



Græntunna

Plast - Plastic

Sótt á 6 vikna fresti

Leiðbeiningar um flokkun á plasti

Til að plastið nýtist sem best sem endurvinnsluefni er nauðsynlegt að hafa í huga að plast undan matvælum og hreinsiefnum þarf að vera vel skolað og þurr. Sniðugt er að pressa umbúðirnar saman til að minnka rúmmál. Allt efni á að fara í pokum í tunnunna.

Plast sem safnast fer að mestu erlendis til endurvinnslu en að hluta til orkuvinnslu.




ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú ert ekki viss um hvort endurvinnsluefnið er úr áli eða plasti getur þú prófað að krumpa efnið saman og ef það sprettur út aftur þá er það plast, en ef það helst samankrumpað þá er það ál og fer með málmum.



Hvað má fara í tunnunna? What can go into the bin?

Plastpokar	Plastic bags
Plastbrúsar s.s. hreinsiefni	Detergent plastic emballage
Plastdósir s.s. skyr, ís, smurostur	Plastic cups e.g. yogurt cups, icecream containers, spreadable
Plastfilma glær og lituð	Plastic wrappings, clear and coloured
Plastumbúðir s.s. utan af kexi og sælgæti	Plastic wrappings e.g. wrappings from candies and crackers
Plastbakkar	Plastic trays
Plastflöskur s.s. sjampó og sósur	Plastic containers e.g. bottles for shampoo and sauce
Frauðplastsumbúðir	Styrofoam containers
Pokar utan af snakki	Snack bags

Umbúðir þurfa að vera hreinar og lausar við allar matarleifar



Hvað má fara í tunnunna? What can go into the bin?

Dagblöð og tímarit	Newspapers and magazines
Umslög og gluggaumslög	Envelopes with or without windows
Skrifstofupappír	Office papers
Bæklingar	Brochures
Hreinar mjólkurfurnur	Clean milk container
Bylgjupappi	Corrugated cardboard
Gjafapappír	Gift wrapping paper
Eggjabakkar	Eggtrays
Sléttur pappír s.s. morgunkornspakkar	Non corrugated cardboard e.g. cereal boxes, tissue boxes

Umbúðir þurfa að vera hreinar og lausar við allar matarleifar



ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú getur rífið úrganginn þá er hann að öllum líkindum pappír og fer því í blátunnuna.

Blátunna

Blandaður pappír og pappi - Mixed paper

Sótt á 6 vikna fresti

Leiðbeiningar um flokkun á blönduðum pappír og pappi

Til að efnið nýtist sem best sem endurvinnsluefni er nauðsynlegt að hafa í huga að mjólkurfurnur séu vel skolaðar og annar pappír undan matvælum þarf að vera hreinn og þurr. Mikilvægt er að fjarlægja allar matarleifar og plastumbúðir sem kunna að vera inni í umbúðunum. Allt efni á að fara laust í tunnunna en ekki í lokuðum pokum. Pappírinn og pappinn er að mestu fluttur erlendis til endurvinnslu og dregur slík endurvinnsla úr eyðingu skóga





Málmur

Metal



Best er að safna málmum á hverju heimili og fara svo með á gámastöðina sem er næst þér.

Hvað flokkast sem málmur?

Málmilát undan matvöru	Metal cans e.g. soup cans
Málmlok af krukum	Metal jar lids
Úðabrúsar	Aerosol spray/dispenser



Gler

Glass



Best er að safna gleri á hverju heimili og fara svo með á gámastöðina sem er næst þér.

Skilagjaldsskyldar

umbúðir

Deposit beverage



Tekið er við skilagjaldsskyldum umbúðum hjá Samskip á Selfossi.

Einnig er hægt að losa sig við umbúðirnar á næstu gámastöð en þá er ekki greitt fyrir móttöku.

ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú getur drukkið vökvann beint út umbúðunum þá eru það skilagjaldsskyldar umbúðir



BLANDAÐUR
ÚRGANGUR

LÍFRÆNN
ÚRGANGUR

PAPPÍR OG
PAPPI

PLAST



MÁLMAR

GLER

DRYKKJAR-
UMBÚÐIR

Gámastöðvar

Einnig er tekið á móti skilagjaldsskyldum drykkjarumbúðum hjá Samskip á Selfossi

Nánari flokkun á næstu gámastöð



Fatnaður
og klæði



Rafhlöður



Spilliefni,
olíusíur,
vatnsmálning



Raftæki



Nytjahlutir



Grófur
úrgangur
(húsgögn)



Hjólbarðar



Timbur
hreint/ómálað



Grjót, múrbrot og
jarðvegur, gifs,
postulín, gler



Rafgeymar



Járn,
málmur



Garða-
úrgangur



Heyrúllu-
plast

Talið er að á Vesturlöndum hendi hver einstaklingur nýtanlegum mat að virði um 60.000 króna á ári. Í fjögurra manna fjölskyldu gerir það 240.000 krónur á ári. Hver vill ekki nýta þessar krónur í aðra hluti en til metanframleiðslu á urðunarstöðum?

Á Íslandi er magn umbúðaplastúrgangs um 40 kg á hvern íbúa á hverju ári eða alls á Íslandi um 13.000 tonn á ári.

Pappír er mjög hentugur til endurvinnslu en hann er hægt að endurvinna fjórum til sjö sinnum án þess að hann tapi gæðum.

Hver Íslendingur kaupir rúmlega 17 kg af vefnaðarvöru árlega, sem er um þrisvar sinnum meira en meðal-jarðarbúi. Á hverju ári eru framleiddar um 150 milljarðar flíka sem svarar til 20 flíkum á hvert mannsbarn í heiminum árlega.

Hver landsmaður losar sig við 660 kg af heimilisúrgangi á ári. Í fjögurra manna fjölskyldu gerir það 2,6 tonn af úrgangi á ári.

Gámastöðvar


Á móttökustöðvum geta fyrirtæki og einstaklingar losað sig við sorp.

Um er að ræða umframmagn heimilissorps auk eðlilegs magns úrgangs frá tiltekt vegna framkvæmda (gler, múrbrot án járnabindingar, jarðvegur). Í Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð eru starfræktar fjórar gámastöðvar þar sem tekið er við ýmsum úrgangi svo

sem: plasti, pappír, pappa, almennum úrgangi, lífrænum úrgangi, garðaúrgangi, brotajárni, timbri, spillifnum, fötum (Rauði krossinn), nýttjahlutum og rafmagnstækjum svo fátt eitt sé nefnt. Á kortinu hér fyrir neðan má sjá staðsetningu gámastöðvanna. Opnunartíma gámastöðvanna má einnig sjá á heimasíðum sveitarfélaganna: www.gogg.is og www.blaskogabyggd.is.

Vetraropnunartími frá 1. september til 30. apríl 2019

	Seyðishólar	Heiðarbær	Lindarskógur	Vegholt
Mánudagur	Lokað	Lokað	10:00-13:00	14:00-17:00
Þriðjudagur	13:00-15:00	10:00-12:00	Lokað	14:00-17:00
Miðvikudagur	Lokað	Lokað	10:00-13:00	14:00-17:00
Fimmtudagur	13:00-15:00	14:00-15:00	10:00-13:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	Lokað	14:00-17:00	10:00-13:00
Laugardagur	13:00-16:00	10:00-12:00	13:00-15:00	16:00-18:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað



Íbúar, eigendur fyrirtækja og sumarhúsa í Grímsnes- og Grafningshreppi nýta gámastöð í landi Seyðishóla.

Íbúar, eigendur fyrirtækja og sumarhúsa í Bláskógabyggð nýta gámastöðvar í Reykholti, á Laugarvatni og við Heiðarbæ.

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga:

- Nýársdag • Föstudaginn langa • Páskadag • Frídag verkamanna 1. maí • Hvítasunnudag
- Þjóðhátíðardaginn 17. júní • Þorláksmessu • Aðfangadag jóla • Jóladag • Annan í jólum • Gamlársdag

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum gámastöðvunum.

Umhirða og staðsetning sorpílata


Æskilegt er að sorpílatin séu staðsett fyrir framan hús eða í sérstökum sorpgeymslum en passa þarf upp á að aðgengi fyrir losanir sé eins og best verður á kosið. Festingar á tunnum þurfa að vera þannig að auðvelt sé að losa þær og ganga frá þeim aftur.

Á veturna er ætlast til að íbúar moki frá tunnum og hálkuverji í kringum þær. Það getur verið mjög erfitt að draga ílátin í miklum snjó auk þess sem hálfan getur verið varasöm.

Ef ílátin eru yfirfull þá geta þau skapað vandræði við losun. Við yfirfull ílát er hætt á að vargfugl komist í úrganginn og dreifi honum um eða innihald tunnunnar fari einfaldlega að fjúka um.

Hver íbúi ber ábyrgð á sínum ílátum. Æskilegt er að hreinsa þau eftir þörfum en það kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist fyrir í ílátinu og skapi ólykt.

Vinsamlega athugið að losunardagar geta hliðrast til vegna veðurs og annarra óviðráðanlegra orsaka.



Sorphirðudagatal 2019

Hér fyrir neðan er sorphirðudagatal fyrir næstu mánuði. Á dagatalinu kemur fram í hvaða viku sorptunnurnar verða tæmdar. Plast- og pappírstunnurnar verða tæmdar á 6 vikna fresti. Tunnur fyrir lífrænan- og almennan úrgang verða tæmdar á 3ja vikna fresti. Sorphirðudagatalið getur tekið breytingum og verða allar breytingar settar inn á heimasíður sveitarfélaganna sem og þegar nýtt sorphirðudagatal tekur gildi.

● Grátunna (blandað) ● Brúntunna (lífrænt) ● Blátunna (pappír og pappi) ● Græntunna (plast)

Mars

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11 ●●	12 ●●	13 ●●	14 ●●	15 ●●	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	26	28	29	30
31						

Apríl

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1 ●●	2 ●●	3 ●●	4 ●●	5 ●●	6
7	8	9	10	11	12	13
14 ●●	15 ●●	16 ●●	17 ●●	18 ●●	19	20
21	22	23 ●●	24 ●●	25 ●●	26 ●●	27 ●●
28	29	30				

Mái

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13 ●●	14 ●●	15 ●●	16 ●●	17 ●●	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27 ●●	28 ●●	29 ●●	30 ●●	31 ●●	

Júní

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
						1
2	3 ●●	4 ●●	5 ●●	6 ●●	7 ●●	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24 ●●	25 ●●	26 ●●	27 ●●	28 ●●	29
30						

Júlí

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1	2	3	4	5	6
7	8 ●●	9 ●●	10 ●●	11 ●●	12 ●●	13
14	15 ●●	16 ●●	17 ●●	18 ●●	19 ●●	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

Ágúst

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
				1	2	3
4	5	6 ●●	7 ●●	8 ●●	9 ●●	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19 ●●	20 ●●	21 ●●	22 ●●	23 ●●	24
25	26 ●●	27 ●●	28 ●●	29 ●●	30 ●●	31

September

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16 ●●	17 ●●	18 ●●	19 ●●	20 ●●	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30 ●●					

Október

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		1 ●●	2 ●●	3 ●●	4 ●●	5
6	7 ●●	8 ●●	9 ●●	10 ●●	11 ●●	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28 ●●	29 ●●	30 ●●	31 ●●		

Nóvember

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1 ●●	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11 ●●	12 ●●	13 ●●	14 ●●	15 ●●	16
17	18 ●●	19 ●●	20 ●●	21 ●●	22 ●●	23
24	25	26	27	28	29	30

Desember

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9 ●●	10 ●●	11 ●●	12 ●●	13 ●●	14
15	16	17	18	19	20	21
22 ●●	23 ●●	24 ●●	25 ●●	26	27 ●●	28 ●●
29	30 ●●	31 ●●				